

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

863. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 16. mars 2015 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Elín Jóna Rósinberg, aðalmaður, Unnur Valborg Hilmarsdóttir, aðalmaður, Elín R. Líndal, aðalmaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir

Dagskrá:

1. HVE- breytingar á starfsmannamálum.
2. Erindi frá Kristínu Árnadóttur f.h. kvenfélagsins Iðunnar og umf. Hörpu
3. Förgun vegna riðutilfellis
4. Ársskýrsla Brunavarna Húnaþings vestra.

Afgreiðslur:

1. **HVE- breytingar á starfsmannamálum.** Guðmundur Haukur Sigurðsson er mættur til fundar til viðræðna við byggðarráð um uppsögn eða breytingar á samningi um dagvistun aldraðra í Húnaþingi vestra. Byggðarráð samþykkir að gera viðauka við samninginn og greiða 25% hluta af launum húsvarðar vegna aksturs með notendur dagvistar aldraðra. Sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs falið að gera viðauka við fjárhagsáætlun skv. framangreindu og leggja fyrir sveitarstjórn.
2. **Lagt fram erindi frá Kristínu Árnadóttur formanni Kvenfélagsins Iðunnar** dags. 2. mars sl. þar sem hún óskar eftir f.h. kvenfélagsins Iðunnar og Ungmennafélagsins Hörpu að fá afslátt af húsaleigu sem innheimt er vegna afnota af grunnskólanum á Borðeyri s.s. vegna þorrablóta ofl. Byggðarráð samþykkir að styrkja félögin um samtals kr. 30.000 á árinu 2015 vegna kostnaðar við þorrablót.
3. **Förgun vegna riðutilfellis.** Föstudaginn 13. mars 2015 var skorið niður fé á Neðra-Vatnshorni vegna riðutilfellis. Samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðisfulltrúa, var honum ekki tilkynnt um niðurskurðinn fyrirfram, þrátt fyrir að honum beri að gefa út leyfi fyrir flutningi á smituðum úrgangi. Byggðaráð átelur að MAST hafi ekki tilkynnt sveitarstjóra um fyrirhugaða förgun. Byggðaráð lýsir ánægju með að MAST hafi tekið ákvörðun um brennslu og að förgun gripanna skyldi framkvæmd á staðnum.
4. **Lögð fram til kynningar ársskýrsla Brunavarna Húnaþings vestra.**

Samþykkt að taka á dagskrá:

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl:15:42

Elín Jóna Rósinberg

Elín R. Líndal

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

Guðný Hrund Karlsdóttir

Guðrún Ragnarsdóttir